

Velkomin til Hollands

eftir Emily Perl Kingsley



Ég er oft beðin um að lýsa upplifuninni af því að ala upp barn með fötlun - til að reyna að hjálpa fólki sem hefur ekki deilt þeirri einstöku reynslu að skilja það, að ímynda sér hvernig því myndi líða. Það er svona.....

Þegar þú ert að fara að eignast barn er það eins og að skipuleggja stórkostlegt frí - til Ítalíu. Þú kaupir fullt af leiðsögubókum og gerir frábært skipulag. Hringleikahúsið. Styttan David eftir Michaelangelo. Gondólarnir í Feneyjum. Þú lærir jafnvel nokkrar handhægar setningar á ítölsku. Þetta er allt mjög spennandi.

Eftir margra mánaða tilhlökkun er dagurinn loksins runninn upp. Þú pakkar niður í töskur og leggur af stað. Nokkrum klukkustundum síðar lendir flugvélin og flugfreyjan segir í kallkerfinu: "Velkominn til Hollands." "Hollands?!?" segir þú. "Hvað meinarðu með Hollandi? Ég ætlaði til Ítalíu! Ég á að vera á Ítalíu. Allt mitt líf hefur mig dreymt um að fara til Ítalíu."

En það hefur orðið breyting á flugáætluninni. Þeir hafa lent í Hollandi og þar verður þú að vera.

Það sem skiptir máli er að þeir hafa ekki farið með þig á hræðilegan, ógeðslegan, skítugan stað, fullan af drepsóttum, hungursneyð og sjúkdómum. Þetta er bara annar staður.

Svo þú verður að fara af stað og kaupa nýjar leiðsögubækur. Og þú verður að læra alveg nýtt tungumál. Og þú munt hitta alveg nýjan hóp af fólki sem þú hefur aldrei hitt.

Þetta er bara annar staður. Það er rólegra en á Ítalíu, minna áberandi en Ítalía. En eftir að þú hefur verið þarna í nokkra stund og þú nærð andanum líturðu í kringum þig... og þú byrjar að taka eftir því að Holland er með vindmyllur....og Holland á túlípana. Holland hefur meira að segja verk eftir Rembrandt.

En allir sem þú þekkir eru uppteknir við að koma og fara frá Ítalíu... og þeir eru allir að monta sig af því hvað þeir skemmtu sér konunglega þar. Og það sem eftir er af lífinu muntu segja "Já, þangað átti ég að fara. Það var það sem ég hafði ætlað mér."

Og sársaukinn af því mun aldrei, aldrei, aldrei, aldrei hverfa... því það að missa drauminn um Ítalíu er mjög mjög mikill missir.

En... ef þú eyðir lífi þínu í að syrgja þá staðreynd að þú komst ekki til Ítalíu, gætirðu aldrei verið frjáls til að njóta allra einstöku og undislegu hlutanna ... við Holland.

